

**5. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 2000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

**um fasteignaskatt í Suðurfjarðahreppi, Vestur-Barðastrandasýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Suðurfjarðahreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

**um þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með nót o. fl.**

**1. gr.**

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera lengri en 30 faðmar á teini.

**2. gr.**

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta, skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.

**3. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heimilt að veiða ufsa með ufsanót (smáriðinni). Ef öðrum fiski (þorsk og ýsu) er landað úr slíkrí veiðiferð má hann ekki nema meir en 25% af aflamagni. Fáir fiskiskip kast, sem bersýnilega er að mestu smáfiskur, skal skipstjóra skylt að sleppa fiskinum þegar í stað úr nótinni. Fiskmat ríkisins skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt.

**4. gr.**

Á vetrarvertíð er óheimilt að kasta nót til veiða á þorski, ýsu eða ufsa á tíma-  
bilinu frá því 1 klst. eftir sólarlag þar til 1 klst. fyrir sólarupprás.

**5. gr.**

Þorskanet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður  
komið.

**6. gr.**

Þegar gert er að fiski um borð í veiðiskipi, sem stundar veiðar með nót eða  
þorskanetum, er bannað að kasta slógi úthyrðis á veiðisvæðinu.

**7. gr.**

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um  
vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til að öðlast gildi þegar í stað og  
birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um gerð þorsk- og ýsunóta nr. 179 4. júlí  
1968.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 10. júní 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Ingvarssonar,**  
Miðskála, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. júní  
1969.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Ingvarssonar, Miðskála.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Ingvarssonar, Miðskála.

**2. gr.**

Stofnendur sjóðsins eru erfingjar Árna Ingvarssonar, samkvæmt undirskrifuðu  
erfðaafsali þeirra svo hljóðandi:

„Áform okkar er að stofna sjóð með eftirlátnum eignum Árna, sem beri  
nafn hans og verði sjóðurinn ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Samkvæmt  
yfirlýsingu Árna á 70 ára afmæli hans verði vöxtum af sjóðnum varið til að  
efla söngmennt kirkjum Vestur-Eyjafjallahrepps, . . . “

**3. gr.**

Höfuðstóll stofnsjóðs miðast við inneign í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, 1.  
janúar 1969 að upphæð kr. 237 015.93, að viðbættum eignum Árna Ingvarssonar,  
metnum á kr. 1443.35. Samtals kr. 238 459.28 (tvö hundruð þrjátíu og átta þúsund,  
fjögur hundruð og fimmtíu og níu 28/100). Þennan höfuðstól má aldrei skerða.